

Ár 2007, 23. janúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrínu Zoëga, Jakobi R. Möller, Jónasi Þór Guðmundssyni, Kristni Hallgrímssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið

Að skera úr um hvort heyra skuli undir kjararáð að ákveða laun og starfskjör forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

I.

Lög um kjararáð nr. 47/2006 tóku gildi 1. júlí 2006. Verkefni kjararáðs er að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, ráðherra og dómara og annarra ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Fullskipað kjararáð ákveður laun forseta Íslands samkvæmt 1. gr. laga nr. 10/1990 um laun forseta Íslands, þingfararkaup samkvæmt lögum nr. 88/1995 um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, og launakjör ráðherra, hæstaréttardómara og héraðsdómara, sbr. 3. gr. laga um kjararáð. Kjararáð ákveður laun og starfskjör ríkisstarfsmanna sem ekki falla undir 3. gr. og svo er háttað um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 4. gr. laganna. Fullskipað kjararáð sker úr um til hverra ákvörðun launa og starfskjara samkvæmt 4. gr. skuli ná í nánari atriðum en þar greinir, sbr. 5. gr. laga um kjararáð.

II.

Kjararáði barst bréf frá menntamálaráðuneytinu dagsett 13. október 2006. Bréfinu fylgdi skipunarbréf fyrir forstöðumann Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Þar sem um nýja stofnun væri að ræða var óskað eftir að skipuðum forstöðumanni yrðu ákveðin laun.

Í samræmi við 5. gr., sbr. 4. gr. laga um kjararáð, tók ráðið til skoðunar hvort heyra skyldi undir það að ákveða laun og starfskjör forstöðumannsins. Kjararáð gaf menntamálaráðuneytinu, nýskipuðum forstöðumanni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og fjármálaráðuneytinu, með bréfum dagsettum 20. október 2006, kost á að koma sjónarmiðum á framfæri vegna málsins. Svar barst frá forstöðumanninum, dagsett 24. október 2006, og frá fjármálaráðuneytinu og menntamálaráðuneytinu bárust bréf, bæði dagsett 6. nóvember 2006.

Í bréfi sínu vitnaði forstöðumaðurinn í lög um stofnunina nr. 40/2006. Í 1. gr. laganna segi að stofnunin sé háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyri undir menntamálaráðuneytið. Í 5. gr. segi að menntamálaráðherra skipi forstöðumann til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar stofnunarinnar. Hann skuli hafa hæfi sem prófessor á fræðasviði stofnunarinnar. Hann stjórnir rekstri og starfsemi stofnunarinnar og sé í fyrirsvari fyrir hana. Þá benti forstöðumaðurinn á að stofnuninni væru falin til varðveislu handrit og skjalagögn sem afhent voru samkvæmt sáttmála milli Danmerkur og Íslands dagsettum 1. júlí 1965 og fullgiltum 1. apríl 1971. Vegna þeirrar ábyrgðar bæði fjárhagslegrar og á þjóðargersesum, sem starfinu fylgdi, taldi hann að starfið félli í flokk þeirra starfa sem svo væri háttað um að laun og starfskjör gætu ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins sagði að Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tæki við eignum og skuldbindingum Orðabókar Háskólans, Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Stofnunar Sigurðar Nordals og Örnefnastofnunar Íslands og yrðu störf þessara forstöðumanna lögð niður. Forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum væri skipaður til fimm ára í senn. Telja yrði að hann væri embættismaður í skilningi laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og yrði starfsheitið á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn sem birtur er í Lögbirtingarblaði í janúar ár hvert. Taldi fjármálaráðuneytið því að kjararáð skyldi úrskurða um laun og starfskjör forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Í bréfi menntamálaráðuneytisins var gerð grein fyrir hlutverki stofnunarinnar. Þá sagði að menntamálaráðherra skipaði forstöðumann, sem skuli hafa hæfi sem prófessor á fræðasviði stofnunarinnar, til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar. Hann stjórnar starfsemi og rekstri stofnunarinnar, ráði starfsmenn hennar, beri ábyrgð á rekstri og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Ótvírætt sé að hann teljist vera embættismaður í skilningi 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Ekki verði séð að laun forstöðumannsins geti ráðist á venjulegan hátt vegna eðlis starfa hans og samningsstöðu. Ráðuneytið taldi því eðlilegt að laun og starfskjör forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum væru ákveðin með úrskurði kjararáðs.

III.

Lög um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum nr. 40/2006 tóku gildi 1. september 2006. Í 1. gr. laganna segir að stofnunin sé háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyri undir menntamálaráðherra. Hún hafi náin tengsl við Háskóla Íslands og sé hluti af fræðasamfélagi hans. Í 4. gr. segir að menntamálaráðherra skipi stofnuninni fimm manna ráðgefandi stjórn og skulu þrír þeirra skipaðir samkvæmt tilnefningu háskólaráðs Háskóla Íslands og tveir án tilnefningar. Í 5. gr. laganna segir að menntamálaráðherra skipi forstöðumann til fimm ára í senn. Hann skal hafa hæfi sem prófessor á fræðasviði stofnunarinnar. Hann stjórnar og ber ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, ræður starfsmenn og er í fyrirsvari fyrir hana. Í 6. gr. segir að stofnunin geri samstarfssamning við Háskóla Íslands um starfstengsl, fjárhagsleg samskipti og skipan sameiginlegra starfa. Stofnunin eigi samstarf við aðrar stofnanir á háskólastiginu samkvæmt sérstökum samningum. Starfsmenn sem ráðnir eru til rannsóknarstarfa leiðbeina stúdentum í meistara- og doktorsnámi og kenna á námskeiðum á sérsviði sínu eftir því sem um semst við deildir Háskóla Íslands. Samkvæmt 8. gr. skal við ráðningu til rannsóknarstarfa fylgja hliðstæðum reglum og gert er við ráðningu kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands og starfsheiti þeirra sem ráðnir eru til slíkra starfa skulu vera rannsóknarlektor, rannsóknardósent og rannsóknarprófessor. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða voru störf forstöðumanna þeirra stofnana sem sameinast í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum lögð niður. Þó hefur niðurlagning á störfum forstöðumanna Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi og Orðabókar Háskólans ekki áhrif á ráðningu þeirra í störf prófessora við hugvísindadeild Háskóla Íslands

Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 40/2006 sagði að með því væri lagt til að sett yrði á laggirnar ný stofnun á sviði íslenskra fræða við sameiningu Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Orðabókar Háskóla Íslands, Íslenskrar málstöðvar, Örnefnastofnunar Íslands og Stofnunar Sigurðar Nordals. Markmiðið væri að til yrði öflug háskólastofnun sem byggðist á helstu undirstöðum íslenskrar menningar. Þá segir að rétt þyki, vegna tengsla stofnunarinnar við Háskóla Íslands, að lögfesta ákvæði um að við ráðningu til rannsóknarstarfa skuli fylgja hliðstæðum reglum og gert sé við ráðningu kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands.

IV.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 ákveður kjararáð laun og starfskjör ríkisstarfsmanna sem ekki falla undir 3. gr. og svo er háttáð um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 1. gr. laganna.

Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 47/2006 um kjararáð segir að meginreglan á vinnumarkaði, hvort sem er hjá hinu opinbera eða einkaaðilum, hljóti að vera samningsfrelsi og að laun og starfskjör séu ákveðin í frjálsum samningum. Undantekninguna sem löggin mæli fyrir um verði að skýra þröngt. Í 4. gr. komi fram hverjir aðrir en æðstu handhafar ríkisvaldsins, sbr. 3. gr., skuli heyra undir löggin. Meginreglan sé sú að það séu þeir embættismenn og ríkisstarfsmenn sem svo háttar um að laun þeirra og starfskjör geti ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða misvægis samningsstöðu. Við mat á því hverjir falli

undir ákvæði 4. gr. sé eðlilegt að horfa til þess annars vegar hverjir gegni störfum sem ekki megi falla niður í verkföllum og hins vegar hverjir gegni störfum sem feli í sér fyrirvar fyrir ríkið í samskiptum við starfsmenn í kjaramálum.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og hefur hún nán tengsl við Háskóla Íslands. Menntamálaráðherra skipar forstöðumann stofnunarinnar og er hann embættismaður samkvæmt bréfi fjármálaráðuneytis, sbr. 22. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Samkvæmt 40. gr. sömu laga er embættismönnum óheimilt að efna til eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum. Samkvæmt lögum um stofnunina er kveðið á um mjög náið samstarf við Háskóla Íslands meðal annars í starfsmannamálum, en það virðist takmarka nokkuð forræði stofnunarinnar á því sviði. Eigi að síður segir í lögnum að forstöðumaðurinn ráði starfsmenn stofnunarinnar og lítur kjararáð svo á að það feli í sér að hann sé í fyrirvari fyrir ríkið í samskiptum við starfsmenn í kjaramálum.

Með vísan til framanritaðs er það niðurstaða kjararáðs að heyra skuli undir ráðið að ákveða laun og önnur starfskjör forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

V.

Úrskurðarorð

Ákvörðun launa og starfskjara forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum heyrir undir kjararáð.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson

Kristinn Hallgrímsson

Rannveig Sigurðardóttir